Alþýðubandalagið:



Skagaströnd.

Ragnar Arnalds verður með almennan stjórnmálafund í Félagsheimilinu Skagaströnd klukkan 8:30 í kvöld, fimmtudaginn 30. des. — **Alþýðubandalagið.**

Alþýðubandalagið á Austurlandi

Fundarboð



Fundur á vegum Alþýðubandalagsins á næstunni með alþingismönnunum Helga Seljan og Lúðvík Jósepssyni eru áformaðir sem hér segir:

Fáskrúðsfjörður: 30. des. (fimmtudag): **Almennur fundur með Helga Seljan.**
Egilsstaðir. 5. jan. (miðvikudag): **Félagsfundur í AB-Fljótsdalshéraðs með Helga Seljan.**
Breiðdalur — Staðarborg 7. jan. (föstudag): Almennur fundur með Helga Seljan.
Suðursveit — Hrolllaugsstaðir, 9. jan. (sunnudag): Almennur fundur landbúnaðarmál með Helga Seljan.
Neskaupstaður. 9. jan. (sunnudag): Almennur fundur með Lúðvík Jósepssyni, kl. 16
Eskifjörður 10. jan. (mánudag): Almennur fundur með Lúðvík Jósepssyni.
Höfn í Hornafirði 10. jan. (mánudag): Helgi Seljan flytur erindi um flutning ríkisstofnana (Hótel Höfn)
Reyðarfjörður 11. jan. (þriðjudag): Umræðufundur um sjávarútvegsmál. Framsögu hafa Lúðvík Jósepsson og Hilmar Bjarnason.
Neskaupstaður 12. jan. (miðvikudag): Félagsfundur ABN með Helga Seljan og Lúðvík Jósepssyni.
Egilsstaðir, 14. jan (föstudag): Almennur fundur með Helga Seljan og Lúðvík Jósepssyni.
Seyðisfjörður 15. jan. (laugardag): Fundur með Lúðvík Jósepssyni og Sigurði Blöndal.
Fundirnir eru háðir því, að sæmilegt verði umferðar. Nánar auglýst síðar.

Alþýðubandalagið — kjördæmisráð.

Skemmtanir á vegum Alþýðubandalagsins

Djúpivogur: Skemmtun er áformuð laugardaginn 8. jan., með ávörpum söng og dansi. Skemmtikraftar frá Neskaupstað og Reyðarfirði.
Vopnafjörður: Í athugun er að halda skemmtun um miðjan janúar ef samgöngur leyfa.

Alþýðubandalagið — kjördæmisráð.

NJARÐVÍK

Njarðvík — Garðyrkjumaður

Njarðvíkurbær óskar eftir að ráða garðyrkjumann. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist undirrituðum fyrir 15. janúar n.k.

Bæjarstjóri

Ávísanamál

Framhald af bls. 1.

um ekki, en við þessa staðfestingu bankanna fækkar þeim ávísunum, sem talið var í fyrstu að ekki hefði verið til innistæða fyrir.

Segja má að málið snúist orðið um það að hve miklu leyti þessir menn hafi haft leyfi fyrir yfirdrætti umfram fastumsaminn yfirdrátt. Sannanlega liggur fyrir að menn þessir hafa greitt hundruð þúsund eða miljónir í refsivexti til bankanna vegna yfirdráttar og auka yfirdráttar, þannig að bankarnir hafa ekki tapað fé á þessu og sem sýnir að bankarnir hafa vitað um þetta mál allan tímann, að einhverju marki a.m.k.

—S.dór.

Dýrara

Framhald af 1

aðurinn 5,3% hærri en í Reykjavík. Á Akureyri er framfærslukostnaðurinn 3,8% hærri, í Neskaupstað 6,0% hærri og á Hvolsvelli 5,1% hærri en í Reykjavík.

Sé húsnæðisliðurinn hins vegar tekinn með, þá eru tölurnar þessar: Framfærslukostnaður á Ísafirði 4,8% hærri en í Reykjavík, á Akureyri 3,4% hærri en í Reykjavík, í Neskaupstað 5,4% hærri en í Reykjavík, og á Hvolsvelli 4,6% hærri en í Reykjavík.

Í skýrslu Hagstofunnar er gerð grein fyrir mismun á verðlagi einstakra liða á hinum ýmsu stöðum, og er áberandi að mismunurinn er langsamlega mestur hvað varðar símaþjónustu og hitunarkostnað. Síminn um 50% dýrari úti á landi og upphitun um 100% dýrari en í Reykjavík.

Krafla

Framhald af bls. 1

september. Mjög fljótlega hófst landris á ný og nú í byrjun janúar verður land komið í sömu hæð og var í lok september og lok október.

Það sem gerðist þegar land seig þá, var að sú hraunkvika, sem orsakaði landrisið og þá um leið spennuna, sem olli jarðhræringunum fann sér farveg austur í Gjástykki og telja jarðvísindamenn víst að hún hafi farið þangað í bæði skiptin þegar landsigið varð. Og því er það spurningin, hvert fer hún nú?

Finni hraunkvikan ekki jafn greiða leið og sl. haust, getur allt eins orðið eldgos á svæðinu. Og líkurnar á því að hún komist sömu leið og í lok september og lok október, í Gjástykki minnka vegna þess að sú leið gæti hugsanlega hafa lokast í haust, um það veit enginn.

Allavega er það svo að menn eru mjög uggandi nú í byrjun janúar, þegar landrisið hefur náð hinni „kritísku" hæð, eins og jarðvísindamenn kalla það.

—S.dór.

Pípulagnir

Nýlagnir, breytingar hitaveitutengingar.
Sími 36929 (milli kl. 12 og 1 og eftir kl. 7 á kvöldin)

BÍLALEIGAN FALUR H/F

22-0-22

RAUÐARÁRSTÍG 31

Ekkert

Framhald af bls. 9.

riði. T.d. er þar gengið út frá því sem vísu að í framtíðinni verði gamla reglan um „óhreinan iðnað" í hávegum höfð með þeim afleiðingum að íbúðahverfum verði haldið í góðri fjarlægð frá afmörkuðum og einangruðum iðnaðarhverfum. Um leið þarf að búa til öflugar samgönguæðar við iðnaðarhverfin, ekki síst ef allir starfsmenn þeirra eiga að koma þangað á einkabílunum sínum klukkan átta að morgni og yfirgefa svæðið e.t.v. klukkan fjögur að degi til.

Við höfum í Reykjavík svona iðnaðarhv., þar sem bókstaflega ekkert er gert til að fá starfsmennina til að notast við almenningsvagna. Litum t.d. á iðnaðarsvæðið á Ártúnshöfða. Þangað gekk til skamms tíma alls enginn strætisvagn. Eitthvað lítillega mun hafa verið bætt úr því, en þó alls ekki á fullnægjandi hátt. Annað iðnaðarhverfi er í Súðavoginum...þangað gengur enginn strætisvagn enn þann dag í dag.

Afleiðingarnar af þessari stefnu borgarinnar í umferðarmálum, þ.e. að setja einkabílinn ofar öllu og vanrækja almenningsvagnakerfið eru svo að líta dagsins ljós jafnt og þétt. Menn sjá framá stóraukna og uggvænlega umferð, og um leið vandamál sem ekki verða leyst með öðrum hætti en gríðarmiklum umferðarmannvirkjum. Gert er ráð fyrir því að til ársins 1995 muni umferð aukast um 25% á svæði kringum gamla miðbæinn og við þeirri aukabyrði verður ekki tekið án róttækra aðgerða. Annarsstaðar verði aukningin allt að 200%.

Allt miðað við gamla miðbæinn.

— Ennþá miðast umferðarkerfi borgarinnar að verulegu leyti við það, að flytja íbúa alls staðar að niður í gamla miðbæinn. En skyldi það ekki vera orðin úrelt pólitík?

— Jú, alveg tvímælalaust, sögðu þeir Magnús og Sigurður. — Fossvogsbrautin þjónar t.d. þeim tilgangi fyrst og fremst að flytja íbúa Breiðholts niður eftir Fossvogsdal og þaðan sjávarmegin við Öskjuhlíðina og niður í gamla miðbæinn. Á sínum tíma var þetta ferðalag Breiðholtsbúa e.t.v. eðlilegt, en nú eru breyttir tímar og gamli miðbærinn ekki eins mikilvægur og fyrr. Nýr miðbær er að rísa á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, annað miðbæjarhverfi með verslunum, bönkum og öðru tilheyrandi á að rísa fyrir breiðhyltinga í svokallaðri „Mjódd" og er því fyrirsjáanlegt að umferðinni þarf að stefna viðar en í gamla bæinn.

Skoðun margra er líka sú, að þar eigi að efla af almætti íbúafjöldann og draga að sama skapi úr frekari fjölgun skrifstofubygginga og atvinnuhúsnæðis. Ef áfram verður haldið á sömu braut verður ásókn akandi manna í gamla bæinn það mikil að hjá mjög verulegum og plássfrekum gatnaframkvæmdum verður ekki komist. Forsmekkinn höfum við reyndar nú þegar á endurskoðuðu aðalskipulagi, en þar er reiknað með framkvæmdum við lagningu gatna, sem ryðja í burtu fjölda gamalla húsa og gjörbreyta útliti bæjarins.

Nú þegar eru bílastæði í gamla bænum alltof mörg en engu að síður stendur til að fjölga þeim í miðbænum og gamla austurbænum úr 3.300 upp í rúmlega sex þúsund Svona mikil fjölgun verður ekki að veruleika nema á kostnað einhvers sem fyrir er og á meðan slíkar ráðagerðir eru í huga þeirra sem völdin hafa verður ekki talað með nokkurri sanngirni um hugsanlega verndun í gamla bænum.

—gsp

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gullna hliðið
4. sýning sunnudag kl. 20. **Uppselt.**
Rauð aðgangskort gilda.
5. sýning fimmtud. kl. 20. **Uppselt**
6. sýning föstud. kl. 20.

Litla sviðið:
Nótt ástmeyjanna
sunnudag kl. 15.
Miðasala lokuð gamlársdag og nýársdag.
Opnar 2. janúar kl. 13.15:

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

ÆSKUVINIR
í kvöld kl. 20.30
Næst síðasta sinn.
SKJALDHAMRAR
sunnudag kl. 20.30
SAUMASTOFAN
miðvikudag kl. 20.30.

Miðasalan í Iðnó kl. 14-20.30.
Sími 1-66-20.

Austurbæjarbíó
KJARNORKA OG KVENHYLLI
í kvöld kl. 24.


Miðasalan í Austurbæjarbíói kl. 16-24. Sími 1-13-84.

Samvinna

Framhald af bls. 9.

kostnaður sem spilar inn í dæmið, því tekjur af slíkum mannvirkjum eru margs konar og mjög verulegar. Að eitt sveitarfélag skuli engu að síður fá að ráðskast með jafn veigamikil mál hlýtur þó að vera óeðlilegt og í rauninni má það teljast ábyrgðarleysi, að fjalla um framtíðarþróun höfuðborgarsvæðisins á svo einhliða grundvelli.

—gsp.



Kópavogskaupstaður

Eðlisfræðikennara vantar

Vegna forfalla vantar stundakennara í 12 stundir á viku í Vighólaskóla í Kópavogi eftir nýjaárið.
Upplýsingar á skólaskrifstofu Kópavogs, sími 41863 og hjá skólastjóra í síma 42438

Skólafulltrúinn í Kópavogi.